

Freydís Halla Einarsdóttir, Garðabæ

Umsókn um afreksstyrk vegna þátttöku í Vetrarólympíuleikum 2018

janúar 2018



Freydís Halla Einarsdóttir, Skíðadeild Ármanns.

Með erindi þessu leita ég eftir stuðningi vegna þátttöku á Ólympíuleikunum 2018 í Suður Kóreu.

Ég er 23 ára, æfi og keppi fyrir háskóla í Bandaríkjunum, Skíðadeild Ármanns og er A-landsliði Íslands á skíðum. Ég var nú í janúar valin til þess að vera einn af keppendum Íslands á Ólympíuleikunum í febrúar 2018. Það er hvor tveggja í senn mikill heiður og viðurkenning en hins vegar er verkefnið verðug áskorun. Meginmarkmið mitt hefur ávallt verið að verða betri íþróttamaður og gera betur í dag en í gær. Fyrir hvert ár hef ég sett mér markmið sem ég hef einbeitt mér að ná og hefur það gefist vel. Þannig hef ég stöðugt bætt árangur minn sem hefur verið mér hvatning til frekari æfinga. Með þetta að leiðarljósi er ég sannfærð um að geta verið verðugur keppandi fyrir Ísland á stórmótum eins og Heimsmeistaramóti og Ólympíuleikum. Á næsta ári er Heimsmeistaramót sem verður nýtt og verðugt verkefni þegar þessu tímabili lýkur.

Kostnaður, æfinga- og keppnisáætlun

Í meðfylgjandi töflu hef ég tekið saman æfinga- og keppnisáætlun mína erlendis á yfirstandandi tímabili og áætlaðan kostnað vegna þess. Áætlunin tekur mið af undirbúningi fyrir Ólympíuleikana og verður krefjandi þar sem það verða heldur fleiri ferðalög. Á Íslandi eru þetta 2-3 landsliðsæfingar hvort heldur á snjó eða í þrekæfingabúðir. Um veturinn held ég til, æfi og keppi á austurströnd USA en þar þarf ég að greiða allan kostnað þar sem háskólinn býður ekki upp á íþróttastyrki.

Ferð	Æfing/keppni	Dagar – dags	Kostnaður
Vorbúðir USA	Æfingabúðir á eigin vegum	7 dagar; maí 2017	190.000
Vorbúðir Íslandi	Landslið æfingabúðir	1x5 dagar; sumar 2017	90.000
Þrekabúðir Íslandi	Landslið æfingabúðir	2x4 dagar; sumar2017	60.000
Swiss - Zermatt	Landslið æfinga-/keppnisferð	15 dagar ágúst 2017	560.000
Austurríki –Hintertux	Landslið- æfingaferð	10 dagar okt 2017	250.000
California/USA	Æfinga-og keppnisferð	10 dagar nóv 2017	290.000
Colorado/USA	Þátttaka í Ameríkubikar	10 dagar mars 2018	130.000
New Hamshire/USA*	Æfingar og keppni - aðsetur	Tímabilið 2017-2018	3.150.000
Samtals			4.720.000

*Ólokið

Auk þessa kostnaðar, bætist við kostnaður vegna búnaðar en hann er allnokkur á hverju ári:

- 4 pör af SL+GS skíðum, @150 þkr; alls 600 þkr
 - 4 pör af stöfum @15 þkr alls 60 þkr
 - 1 par af skíðaskóm @90þkr alls 90 þkr
 - Hlífðarbúnaður; alls 30 þkr
 - Verkfæri og áburður; alls 40 þkr
- Alls kostnaður vegna skíðabúnaðar 820 þkr

Alls nemur áætlaður kostnaður vegna æfinga- og keppnisferða erlendis og skíðabúnaðar 5.540 þkr fyrir tímabilið.



Freydís Halla Einarsdóttir

kt. 031094-2329

FIS nr. 255357

Staða á heimslista: Nr. 212 í svigi og nr. 442 í stórsvigi af um 5000 keppendum

Greinar: Svigi og stórsvigi

Markmið: Langtíamarkmið mitt er að verða svo góður skíðamaður að ég sé verðugur keppandi á stórmótum. Nú tek ég þátt í Ólympíuleikunum 2018 og á næsta ári er HM.

Árangur:



2017 til 2018 (núverandi tímabil)

- 5. sæti á alþjóðlegu móti í svigi í USA

2016 til 2017

- 1. sæti á alþjóðlegu móti í stórsvigi í USA
- 1. sæti á alþjóðlegu svigmóti í USA
- Þrisvar í verðlaunasætum á alþjóðlegum mótum í svigi í USA
- 9. sæti í undankeppni HM í stórsvigi
- 47. sæti á HM í stórsvigi
- Þrír Íslandsmeistarattitlar af fjórum 2017

2015 til 2016

- 1. sæti á alþjóðlegu móti í svigi í USA
- 2. sæti á alþjóðlegu móti í svigi í USA (2 svar)
- 3. sæti á alþjóðlegu móti í svigi í USA
- Þrefaldur Íslandsmeistari í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni

2014 til 2015

- 1. sæti í alþjóðlegu móti í svigi í USA
- 3. sæti í alþjóðlegu móti í svigi í USA
- 4. sæti á norska unglingameistaramótinu í svigi
- 3. sæti í svigi á Íslandsmóti í flokki stúlkna 18-20 ára
- Sigurvegari í alþjóðlegri mótaroð Atomic-Cup móti á Akureyri
- 4 sinnum í topp 10 í Noregi og Svíþjóð í svigi og stórsvigi
- Keppti á Heimsmeistaramóti fullorðinna í Vail/USA 2015

2013 til 2014

- 1. sæti í alþjóðlegu móti í svigi í Þýskalandi
- Íslandsmeistari: svigi í kvennaflokki og fl. stúlkna 17-19 ára
- Íslandsmeistari: alpatvíkeppni kvenna og í fl. stúlkna 17-19 ára.
- 2. sæti í stórsvigi á Íslandsmeistarmóti 2014
- 7. sæti í alþjóðlegu móti í stórsvigi í Svíþjóð
- 13. sæti í alþjóðlegu móti í Þýskalandi

2010 til 2013

- 2. sæti á Heimsmeistarmóti unglinga í Sviss
- Íslandsmeistari í stórsvigi og samhliðasvigi stúlkna
- Bikarmeistari SKI í kvennaflokki 2012 og 2013
- 2. sæti í samhliðasvigi kvenna á Íslandsmeistarmóti
- Topp 10 þrisvar í Noregi í svigi og stórsvigi
- Keppti á heimsmeistaramóti fullorðinna í Schladming 2013



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026